

minni." Svo hann var mjög þolinmóður og var jafnvel farinn að halda að það mundi vera betra að fá myndina en húsaleiguna.

Loksins kunngerði málarinn að myndin væri fullger og til sýnis fyrir hvern sem vildi. Aðgöngugjaldið var að vísu nokkuð hátt, en forvitni fólksins var upptendruð, og það kom hópum saman til að sjá málverkið. Fyrst komu bæjarbúar, þá fólk úr nærliggjandi sveitum, og síðast fólk úr fjarliggjandi bæjum, því orðrómur þessarar undramyndar hafði víða flogið. Fólkid tróðst ákafafullt upp þrónga stigann og í öðrum enda salsins, á dálítlum umgirtum bletti varð það að taka sér sæti og horfa á málverkið, sem var í hinum endanum í fallegu umgerðinni. Þó alt loftið væri myrkt og skuggalegt virtist myndin vera uppljómuð eins og af töfraglampa, svo allir ríku upp undrunaróp þegar þeir fyrst litu hana, en svo sögðu þeir ekki meira, heldur störðu á þetta dásamlega listaverk frá sér numdir af undrun.

Myndin var af landslagi. Í æsingi sínum leit fólkid fyrst á það fjarlægasta og sá bláfjöllin í fjarska, að mestu hulin í dökkláum skugga rakra þokuskýja, sem sólargeislarnir slóu fögrum lit á yfir tindum þeirra. Nokkru nær var breitt engi með líðandi halla, og lágar öldur á bakka fljóts, sem lá eins og fagurblár þráður eftir miðju enginu. Næst var lágor kjarrskógur, og eitt stórt og tilkomumikið eikartré, er huldi að mestu leyti rauðt húsþak, sem eygði á á bak við það. Fólkid horfði á þetta dásamlega málverk alveg steinhissa. "Hann er dásamlega fjölhæfur listamaður!" sögðu allir í einu hljóði, og þeir hneigðu sig lágt fyrir Fanient, sem tók undir með sínu einkennilega stillilega brosi.

"Skýin virkilega hreyfast," sagði einn áhorfendanna, og þegar fluga flaug fyrir framan myndina, hefði ég þorað að sverja að það líktist meira fugli í fjarlægð.

Hvern einasta dag fyltist loftið af áhorfendum og Fanient fékk mestu kynstur af peningum. Samt fékk járnmiðangarinn enga húsaleigu, en hann fékst ekkert um það. Hann vissi að mynd lík þessari var mikils virði og mundi brátt veita honum gull og metord.